

Alþingi
Erindi nr. P 140/2591
komudagur 22.5.2012

Sjávarútvegur

**Mat á áhrifum breytinga á lögum um
stjórn fiskveiða og veiðigjalda**

Unnið fyrir Fiskmarkað Íslands



Unnið af IFS Greiningu
Aðalhöfundar:

Ægir Páll Friðbertsson
Kjartan Broddi Bragason
Ólafur Ásgeirsson

Maí 2012

Samantekt og niðurstöður

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til breytinga á stjórn fiskveiða og frumvarp um breytingu á veiðigjöldum. IFS hefur skoðað og lagt mat á áhrif þessara breytinga og meðfylgjandi eru helstu niðurstöður okkar. Við úrvinnslu gagna var notast við ársreikninga sjávarútvegsfyrirtækja fyrir rekstrarárið 2010, sem var gott rekstrarár. Vísbendingar eru um að árið í fyrra, 2011, hafi einnig gengið vel sem hefur leitt til þess að skuldir hafa lækkað og eigið fé aukist frá árslokum 2010. Jafnframt hafa gengisdómar leitt til lækkunar á skuldum þannig að vænta má þess að fjárhagsstaða margra sjávarútvegsfyrirtækja sé sterkari en tölur frá 2010 gefa til kynna.

- **Stefna og vandi ríkissjóðs**

Ríkissjóður stendur frammi fyrir þeim vanda að þurfa að auka tekjur sínar í kjölfar þess mikla efnahagshrun sem þjóðin varð fyrir. Stefna stjórnarflokkanna í auðlindamálum er „að náttúruauðindir landsins séu í þjóðareign, þær beri að nýta með sjálfbærum hætti og að þjóðinni beri réttmætt endurgjald fyrir fjárhagslega nýtingu þeirra“¹. Aukin skattlagning er ein leið til þess fyrir ríkissjóð. Nú árar vel í sjávarútvegi og því er mögulega meira til skiptana en oft hefur verið áður. Áhrifin geta hinsvegar orðið margvísleg eftir eðli og umfangi skattlagningarinnar.

- **Það sem virkar vel er gott að hafa**

Það fiskveiðistjórnunarkerfi sem nú er til staðar hefur búið til arðsama atvinnugrein á undanförunum árum sem skilar sínu framlagi til þjóðarinnar á margvíslegan hátt. Samkvæmt lögum eru fiskistofnar í íslenskrí landhelgi í sameiginlegri eigu Íslensku þjóðarinnar. Stjórnvöld á hverjum tíma ákveða fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar og geta breytt gjaldandi fiskveiðistjórnunarkerfi ef vilji og meirihluti er fyrir því á Alþingi og hjá Forseta Íslands.

- **Hvati og hegðun gætu breyst**

Allar breytingar geta haft áhrif á hegðun og hvata þeirra sem að sjávarútvegi koma, hvort sem eru starfsmenn, stjórnendur eða eigendur. Skammtíma hugsun gæti aukist á kostnað langtíma og þær aðgerðir sem gripið væri til þurfa ekki allar að vera þjóðhagslega hagkvæmar heldur þvert á móti. Á hinn bóginn ætti framlegð og áframhaldandi hagræðing greinarinnar í heild að geta aukist við þessa stjórnvaldsaðgerð og þjóðhagsleg verðmæti auðlindarentunnar væntanlega þar með aukist en ekki víst.

- **Mismunandi aðstaða til að mæta auknum skatti**

Tillaga um breytingar á veiðigjaldinu koma mismunandi niður á einstökum félögum þó svo að í öllum tilvikum sé um verulega aukna skattheimtu sé að ræða. Á bls. 27 kemur fram að útreiknaður auðlindarskattur nemur um 32% fyrir greinina að meðaltali rekstrarárið 2010. Hluti fyrirtækja eru of skuldsett til að mæta auknum kostnaði og sum eru með of lága framlegð. Þar sem auðlindagjaldið er ákvarðað út frá greininni í heild og deilt niður á þorsgildiskíló sem ekki eru ákvarðaðir út frá verðmætum og/eða afkomu í einstökum fisktegundum getur skatturinn komið mis hart niður á einstökum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þó svo að sjávarútvegsfyrirtækin séu á margan hátt svipuð þá eru mikil frávik milli þeirra oft á tíðum varðandi fjárhagsstöðu og arðsemi. Því er athugunarvert hvort skatturinn þurfi ekki að taka meira fillit til mismunandi aðstæðna hvers og eins.

¹ Skattlagning í sjávarútvegi. Álitsgerð nefndar um mótun heildstæðrar stefnu um framfíðarfyrirkomulag skattlagningar í sjávarútvegi. Fylgiskjal I. með frumvarpi til laga um veiðigjöld. Bls. 27. Mars 2012

- **Arðsemi eigin fjár þarf að vera góð og trygg**

Aukin skattlagning getur dregið úr hvata til að gera vel og leggja fram eigið fé til fjárfestinga. Ef vel árar og kostnaðaraukning er innan sanngjarnra marka þá þarf hún ekki að hafa mikil áhrif en ef verr árar og hún kemur harðar niður á greininni gæti afleiðingin orðið sú að reynt yrði að bregðast við henni með einhverju móti, t.d. að hagræða í rekstri, sameina rekstrareiningar eða hætta starfsemi. Samspil ávöxtunar og áhættu gildir í sjávarútvegi eins og annarsstaðar. Ef ávöxtun í samanburði við áhættu er lægri en á markaðnum almennt er hætt við því að greinin bíði tjóns af því sem skilar sér síðan til þjóðfélagsins í óarðbærari atvinnugrein. Það þarf því að vernda vel þann árangur sem hefur náðst í greininni þó svo eflaust sé eitthvað svigrúm til aukinnar skattlagningar, ef nauðsyn er talin vera af henni, þegar vel árar í sjávarútvegi.

- **Framsal aflahlutdeildar uppsprettu hagræðingar**

Framsal aflahlutdeildar samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða hefur gert sjávarútvegnum kleift að mæta samdrætti í kvótaúthlutun, sterku gengi og sveiflum í afurðaverðum með því að hagræða og sameina rekstrareiningar. Þetta hefur verið hornsteinn þess kerfis sem sjávarútvegurinn hefur búið við. Með framsali aflahlutdeildar hefur kvóti gengið kaupum og sölu og leitað þangað sem hann getur skilað mestri framlegð í flestum tilfellum. Þetta hefur aukið arðsemi greinarinnar og þar með virði auðlindarinnar fyrir íslenska þjóð.

- **Mótsagnarkennd frumvörp**

Hækkun auðlindaskatts á sjávarútveginn mun væntanlega þvinga fram enn meiri hagræðingu vegna sameininga fyrirtækja og því líklegt að samþjöppun muni aukast. Hinsvegar er á sama tíma lagðar fram vissar takmarkanir á það í frumvarpinu um stjórn fiskveiðanna. Þar á að taka 3% af allri aflahlutdeild sem skiptir um hendur í flokk 2, auka möguleika opinberra aðila að hafa afskipti af viðskiptum með aflahlutdeild og auka það magn sem fer í flokk 2. Ekki verður séð að markmiðið með kvótanum í flokk 2 sé að sá kvóti skili hámarksarðsemi auk þess að sá kvóti sem fer í flokk 2 er tekinn af öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum sem verða þá að draga saman reksturinn. Jafnframt er skilgreindur sérstaklega sá hámarkstími, 20 ár, sem leyfi til að nýta aflahlutdeild gildir til. Það ákvæði getur valdið óvissu í greininni og leitt til þjóðhagslega óhagkvæmra aðgerða.

- **Afskriftir ekki frádráttarliður við útreikning rentu**

Stofn til útreiknings á sérstöku veiðigjaldi er samtala rentu á hvert þorsígildiskíló. Mismunur er á því hvernig renta er reiknuð samkvæmt frumvarpsdrögum og svipuðum útreikningum sem Sameinuðu þjóðirnar (SP)² hafa kynnt varðandi útreikning á auðlindarentu í þjóðhagslegum tilgangi. Mismunurinn felst í því að í útreikningum SP er miðað við að draga bókhaldslegar afskriftir frá sem kostnaðarlið. Ekki er að finna neina skýringu á því í athugasemdum með frumvarpinu af hverju afskriftir eru ekki frádráttarliður og hann undanskilinn sérstaklega. Sjávarútvegsfyrirtæki verða að viðhalda fjárfestingum sínum þannig að til framtíðar ættu endurnýjunarfjárfestingar að vera að svipaðri stærðargráðu og afskriftir. Annar mismunur milli aðferða frumvarpsins og SP er að í frumvarpinu eru vörubirgðir taldar meðal rekstrarfjármuna en ekki hjá SP. Ekki var hinsvegar að finna neina skýringu á því af hverju mætti ekki alveg eins telja aðra veltufjárliði eins og viðskiptakröfur og jafnvel þann hluta sjóðs sem þarf til rekstrarins meðal rekstrarfjármuna fyrst birgðir eru taldar með.

- **Virk skattprósenta**

Í okkar útreikningum er auðlindaskattprósenta að meðaltali um 32% sem hlutfall af EBITDA (sjá bls. 27) fyrir árið 2010, það á rætur að rekja til þess að gert er ráð fyrir að fastafjármunir fái eðlilega og sanngjarna ávöxtun. Í athugasemdum með

² Handbook for Integrated Environmental and Economic Accounting for Fisheries (SEEAF) (United Nations, 2004).

frumvarpsdrögum er miðað við ákveðna ávöxtunarkröfu og hún sögð há í flestum samanburði. Í aðferðafræði Sameinuðu þjóðanna (SÞ) er miðað við langtíma skuldabréfavexti að viðbættu áhættuálagi. Ríkissjóður Íslands fjármagnaði sig nýlega í USdollurum til 10 ára á 6% vöxtum. Viðmiðun reglnanna um 8 og 10% ávöxtun sjávarútvegsfyrirtækja að meðaltali er ekki há í þeim samanburði. Vextir erlendis eru mjög lágir sem stendur og hafa verið það í nokkur ár en þeir eiga eftir að hækka, þess vegna um mörg prósent, og því óvíst hvort rétt og sanngjarnt sé að setja í lög tilteknar prósentutölur sem fasta.

- **Útreikningur rentu tekur inn virðisauka vinnslu**

Sá virðisauki sem verður til í vinnslu reiknast með í rentu. Það veldur því að fyrirtækjum sem eingöngu eru í útgerð mun fækka enn frekar þar sem þau njóta ekki þess virðisauka sem vinnslan skilar. Umtalsverður munur er á hlutfalli EBITDA sem þarf til að standa undir væntum auðlindaskatti hjá mismunandi útgerðarflokkum og eru hrein útgerðarfélög sem ekki eru með vinnslu að taka á sig álögur sem ekki tengjast þeirra rekstri.

- **Skattaleg áhrif**

Við álagningu auðlindaskatts minnkar hagnaður í greininni, greiddur tekjuskattur ætti því að lækka að einhverju marki vegna lægri hagnaðar fyrir skatta þó sú tilfærsla komi sennilega ekki fram fyrr en seinna að því marki sem uppsafnað skattalegt tap er til staðar. Þá er gert ráð fyrir að keyptar aflaðheimildir verði afskrifaðar skattalega samhliða gerð nýtingarsamninga og myndi það draga úr skattgreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja.

- **Mat á arðsemi, dreifing skattprósentu**

Þegar lagt er lauslegt mat á hagnað fyrirtækja fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar kemur fram að stærri og öflugari sjávarútvegsfyrirtæki landsins geta betur tekið á sig auknar álögur. Minni og einhæfari félög virðast vera skuldsettari að jafnaði og fjölgar félögum sem þurfa að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu töluvert við upptöku skattsins eins og fram kemur í skýrslunni.

- **Byggðasjónarmið**

Eitt af markmiðum frumvarpanna er að treysta atvinnu og byggð á landinu. Í gegnum tíðina hafa ótal álit og greinargerðar lítið dagsins ljós sem draga í efa samhengi byggðapróunar og kvótakerfisins. Byggðastefna á að byggjast á sjálfbærni og arðbærri atvinnuvegafjárfestingu. Eina mikilvægustu undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar á ekki að nota til að sinna hlutverki í þeirri byggðapólitísku stefnu sem samfélagið tekur, nema þá að litlu leyti eins og verið hefur. Lítil hluti heildaraflamarks hefur verið notaður til að styðja við einstök byggðalög. Slíkt á eðlilega rétt á sér upp að ákveðnu marki.

- **Hefur áhrif á fiskmarkaði**

Aðeins lítil hluti af heildarafla er seldur á fiskmörkuðum landsins. Umtalsverður hluti þess afla sem seldur er í gegnum þá á uppruna sinn hjá minni útgerðum, meðan stórir kaupendurnir eru stærri sjávarútvegsfyrirtæki landsins og vinnslur sem ekki eru með útgerð. Komi til aukinnar samþjöppunar innan greinarinnar má allt eins gera ráð fyrir að rekstarfarsendur fiskmarkaða muni versna frá því sem nú er þar sem enn erfiðara verður að fá seljendur fisks til að selja hann í gegnum fiskmarkaði.

Efnisyfirlit

Samantekt og niðurstöður.....	2
Efnisyfirlit.....	5
Inngangur.....	6
Kaflí 1. Yfirlit um þróun sjávarútvegs á Íslandi	8
Þróun afla og aflaverðmætis.....	8
Útreikningur á þorskígildisstuðlum.....	9
Verðþróun.....	10
Þróun skipastóls, vinnuafis og landvinnsla.....	10
Fjárhagsstaða sjávarútvegsins.....	12
Kaflí 2. Frumvarp um stjórn fiskveiða og frumvarp um veiðigjöld	14
Frumvarp um stjórn fiskveiða.....	14
Frumvarp um veiðigjöld.....	15
Kaflí 3. Afkoma, skuldir og greiðslugeta sjávarútvegsins	18
Fjárhagsstaða sjávarútvegsins.....	18
Útreikningar IFS.....	19
Skuldapol og afskriftir.....	20
Fjárhagsleg endurskipulagning.....	21
Framleiðni og kostnaðaruppbygging.....	22
EBITDA og EBIT kennitölur og aðeins um stærðarhagkvæmni.....	22
Arðsemi mismunandi félaga, lauslegt mat.....	23
Auðlindaskattur sem hlutfall af EBITDA.....	26
Kaflí 4. Fiskmarkaðir og byggðasjónarmið	28
Fiskmarkaðir.....	28
Jaðarverð á kvóta.....	28
Pottar og þróun þeirra.....	29
Byggðasjónarmið, atvinnubótavinna.....	30
Lokaorð.....	31
Víðauki 1.....	33
Heimildir.....	33

Inngangur

Þessi skýrsla er unnin af IFS Greiningu að beiðni Fiskmarkaðs Íslands.

Sjávarútvegur á Íslandi er undirstöðuatvinnugrein á landinu, sér um 5% landsmanna fyrir atvinnu sem skiptist með þeim hætti að tæplega 12% allra starfa á landsbyggðinni eru í veiðum og vinnslu en tæplega 2% á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru útflutningstekjur greinarinnar um 40% af vöruútflutningi og námu um 250 milljörðum króna árið 2011, þær höfðu þá hækkað um tæplega 15% frá árinu 2010. Þá er framlag sjávarútvegsins til VLF um 10% beint og meira sé tekið tillit til afleiddra áhrifa á aðrar atvinnugreinar. Vægi greinarinnar í innlendu efnahagslífi er því verulegt.

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvarp um sjávarútveg. Frumvarp til breytinga á stjórn fiskveiða ásamt frumvarpi um veiðigjöld. Í þessari skýrslu leggur IFS sjálfstætt mat á helstu atriði þessara tveggja frumvarpa.

Markmið þeirra laga sem hér eru til umfjöllunar eru margþætt og kemur m.a. fram að þau eigi að: **stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland, að samfélagsþróun verði farsæl með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi, treysta atvinnu og byggð í landinu, að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu og að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.**

Það er óhætt að segja að þessi markmið séu metnaðarfull en í þeim vantar að taka tillit til að stjórn fiskveiða og reikniregla veiðileyfagjalda eru nátengdar ákvarðanir, önnur á ekki að grafa undan hinni. Í fyrirliggjandi frumvörpum má leiða að því líkum að frumvörpin eru mótsagnarkennd hvað þetta varðar. Annað, það sem fjallar um stjórn veiðanna, grefur undan hagkvæmni og þrengir að áframhaldandi hagræðingu innan sjávarútvegsins. Hitt, það sem fjallar um veiðileyfagjöld, segir til um hvernig fastsetja á þann skattstofn sem flutningsmenn frumvarpsins telja að endurspegli þá auðlindarentu sem aðgangur að takmarkaðri, en endurnýjanlegri, auðlind getur haft í för með sér.

Ekki verður séð að endatakmörk lagasetningarinnar sé að auka hagkvæmni greinarinnar með tilheyrandi háþröðun á þeirri auðlindarentu sem hugsanlega er til staðar ef stjórn veiðanna er skipulögð með þeim hætti að fjárfestingar, þ.e. sá stofnkostnaður sem þarf til að sækja leyfilegan afla og vinna úr honum, verði lágmarkaðar. Hagkvæmasta samsetning fastafjármuna, þ.e. fiskiskipa og landvinnsla, er eina breytistærðin sem atvinnugreinin ræður ótakmarkað yfir innan þeirra takmarkana sem núverandi lög og reglur setja, meðan aðrar mikilvægar breytur sem hafa umtalverð áhrif á endanlega afkomu greinarinnar á sérhverjum tíma, svo sem afurðaverð, olíukostnaður og grunnvextir á vaxtaberandi skuldum, eru stærðir sem ákvarðast á alheimsmarkaði.

Í þessu ljósi eru fyrirliggjandi frumvörp mótsagnarkennd en gera verður þá kröfu að breytingar á grundvallareiginleikum núverandi kerfis dragi ekki úr arðsemi greinarinnar með tilheyrandi minni samfélagslegum ábata. Þá væri mörgum af þeim markmiðum sem lögin eiga að uppfylla stefnt í tvísýnu.

Greinargerði hefst á sögulegri þróun afla og aflaverðmætis, þróun fastafjármuna ásamt vinnuafslotkun og gerð grein fyrir mikilvægustu heimahöfnum aflamarks ásamt samhengi þess og hvar aflanum er landað. Gerð verður grein fyrir fjárhagslegri stöðu og afkomu greinarinnar ásamt mismunandi möguleikum einstakra fyrirtækja á að mæta auknum kostnaði / skattheimtu. Þá verður fjallað um fyrirliggjandi frumvörp, fyrst um stjórn fiskveiða, þá um frumvarp um veiðigjöld, með áherslu á mat á auðlindarentu og að lokum um aukin pólitísk afskipti hvað varðar þær leikreglur sem atvinnugreinin stendur frammi fyrir. Áhöld eru uppi um raunverulega skuldastöðu sjávarútvegsins, þær opinberu upplýsingar sem til eru hvað þetta mikilvæga atriði varðar verða kynntar og útreikningar

IFS um þetta atriði, einkum með áherslu á skuldapol og áhrif á bankakerfið. Þá verður farið yfir áhrif frumvarpanna á sjávarútveginn í heild sinni, leggjast afleiðingar fyrirhugaðra breytinga jafnt á alla útgerðarflokka eða má sjá einhverjar breytingar á milli t.d. uppsjávarfélaga og félaga sem eru eingöngu í útgerð. Að endingu verður lauslega fjallað um fiskmarkaði landsins, potta og byggðastefnu.

Að endingu verður efni greinargerðarinnar dregið saman.

Kafli 1. Yfirlit um þróun sjávarútvegs á Íslandi


Sjávarútvegur er ein mikilvægasta undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, atvinnugrein sem hjá mörgum öðrum ríkjum hefur verið óraðbær og rekin með fjárhagslegri aðstoð opinberra aðila. Með útfærslu landhelginnar á árunum 1952 - 1974, upptöku alfamarks í síld 1975, loðnu 1980 og bolfiskveiðum 1984 og síðan með samræmdu aflamarkskerfi 1990 og frjálsum framsali aflaheimilda var fest í lög breytingar sem tryggja áttu sjálfbærar veiðar og hagkvæma nýtingu á sjávarauðlindum landsins.

Á umliðnum áratugum, með aflamarksstýringu, fækkun og hagræðingu útgerðarfélaganna með tilheyrandi auknum afköstum, lægri útgerðarkostnaði og minna úthaldi flotans, hefur verið lagður grunnur að atvinnugrein sem skilar þjóðarbúinu umtalsverðum þjóðhagslegum ábata.



Innlendur sjávarútvegur er útflutningsatvinnugrein og býr við þau skilyrði að innbyrðis samkeppni á milli einstakra fyrirtækja er lítil sem engin, hér er ekki um samkeppnismarkað að ræða í sinni hefðbundnu mynd. Fyrirtækin eru í mörgum tilfellum verðtakendur á heimsmarkaði og meginhluti allrar framleiðslu fer til útflutnings þar sem hún er í samkeppni við aðrar matvörur, þar með talinn fisk frá öðrum löndum. Þetta atriði gerir það að verkum að opinberar leikreglur á að setja með tilliti til þessara aðstæðna og þær leikreglur mega ekki vera íþyngjandi fyrir greinina þannig að hún sé ekki samkeppnishæf á erlendum mörkuðum með afurðir sínar. Flest innlend fyrirtæki eru lítil í alþjóðlegu tilliti og fjárhagslega veikburða. Lítið hefur farið fyrir umræðu um sjávarútveg á umliðnum árum á þessum forsendum.

Þróun afla og aflaverðmætis



Eins og sjá má á mynd 1. hefur afli verið að dragast saman á umliðnum árum. Magn bolfisks er nokkuð stöðugt, á bilinu 450-550 þúsund tonn, en uppsjávarveiðar sveiflukenndari, námu um 1,5 m.tonnum stuttu fyrir aldamót en voru komnar niður í 500 þ.tonn á síðustu árum.



Á næstu myndum er þróun á virði landaðs afla á sama tíma sýnd á verðlagi hvers árs bæði í ISK og SDR, virði uppsjávaraflla af heildaraflla fer vaxandi á þessu tímabili eða úr um 8% í um 20%. Eins og sjá má af myndunum hefur afli verið að dragast saman en verðmæti aflans hefur verið að aukast, þetta á sér einkum tvær skýringar, annars vegar mikið fall íslensku krónunnar frá upphafi árs 2008 og hins vegar jákvæðrar verðþróunar á mörgum fisktegundum.

Verðmæti afla í krónum

Verðmæti afla í SDR


Verðþróun sjávarafurða hefur verið jákvæð á undanförunum árum. Á næstu tveimur myndum má sjá hvernig þorskígildisstuðlar einstakra tegunda hafa verið að breytast, en þeir eru ákvarðaðir eftir verðþróun undirliggjandi fisktegunda til skips.

Þíg. stuðlar mikilvægustu uppsjá vart.

Þíg.stuðlar mikilvægustu botnfisktegunda



Útreikningur á þorskígildisstuðlum

Þorskígildisstuðlarnir gefa ekki rétta mynd af endanlegu verðmæti viðkomandi tegunda. Þeir miðast við afla upp úr sjó umreiknaðan í slæggðan afla á móti aflaverðmæti skipsins og þannig fundið út verð á kr/kg fyrir þorsk sem er sett jafnt einum. Verð fyrir aðrar tegundir er síðan fundið á sama hátt og sýna þá þorskígildisstuðlar þeirra tegunda það verð sem hlutfalli við þorskverðið. Það sem brenglar þessi hlutföll er helst að inn í aflaverðmætinu er afli unninn út á sjó og sem er landað í vinnslu. Þær tegundir sem eru eingöngu unnar út á sjó og/eða fara beint á erlenda markaði fá þá hærri stuðla af þeim sökum en ef þær færu beint til vinnslu hér á landi og á sama hátt eru þær fisktegundir sem fara nær eingöngu beint í vinnslu að fá lægri stuðla. Það er misjafnt eftir fisktegundum hversu stórt hlutfall afla fer í áframhaldandi vinnslu innanlands og skapar þannig viðbótar virðisauka við aflaverðmætið. Grálúðuaflinn er til dæmis nánast allur unnin útá sjó á meðan nást öllum loðnuafflanum er landað til vinnslu.

Þorskígildisstuðlarnir geta því verið villandi þar sem aflinn er misunninn þegar hann kemur í land og virðisaukinn í vinnslunni er afar mismunandi eftir tegundum. Það er heldur ekkert tillit tekið til þess hvaða afkoma er af veiðum og vinnslu í hverri tegund. Vegna þessa getur auðlindargjald á útgerðina sem er reiknað á grunni þorskígildisstuðlanna komið mjög misjafnlega niður á fyrirtækjum eftir því í hvaða fisktegundum kvóti þeirra er.

Verðþróun


Neðangreind mynd sýnir útflutningsverðmæti botnfisks og uppsjávarfisks frá 2000 til 2011.



Verðþróun sjávarafurða hefur almennt verið jákvæð í erlendum myntum auk þess að raungengi krónunnar hefur verið mjög lágt á síðustu 4 árum (en við fjöllum betur um raungengi krónunnar í kafla 3). Neðangreind mynd sýnir verðþróun botnfisks og uppsjávarfisks frá upphafi árs 2006.

Þróun skipastóls, vinnuafis og landvinnsla

Á umliðnum áratugum hefur fiskiskipastóll landsins tekið breytingum. Með innleiðingu kvótakerfisins hófst tímabil hagræðingar og eins og sést á mynd hefur fjöldi skipa dregist saman og er fækkun togara þar í aðalhlutverki, en þeim hefur fækkað á umræddu tímabili úr rúmlega 90 í tæplega 60, samhliða því sem þeir hafa stækkað. Athyglisvert er að meðalaldur skipastólsins, að frátöldum vélskipum, hefur á sama tíma farið vaxandi, frá því að vera um 20 ára að meðaltali í tæplega 27 ár.




Þó skipastóllinn telji vel á 1700 skip eru aðeins rúmlega 600 sem eru með skilgreinda aflahlutdeild eins og fram kemur á vef Fiskistofu. Í því samhengi má taka fram að fjöldi skipa sem landa afla er á bilinu 1200 – 1300 en þetta misræmi á rætur að rekja til þess að strandveiðiflotinn, sem telur einhver hundruð báta, er ekki með aflahlutdeild og þá eru nokkur skip sem leigja til sín kvóta.

Í meðfylgjandi töflu má sjá skiptingu aflahlutdeildar fyrir fiskveiðiárið 2011/12, fyrir utan uppsjávarfisk, á tilteknar tegundir skipa, skuttogara eru hér í aðalhlutverki.

Tafla 1.


Útgerðarflokkur	Fjöldi	Þíð.
Skuttogari	57	149.276.734
Skip með aflamark	124	94.160.782
Smábátur með aflamark	84	3.873.103
Krókaaflamark	347	33.937.019
Samtals	612	281.247.639

Aflamark 2011/12 - uppsafnað á skipastól




Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaða aflahlutdeild á skipastól útgerðarinnar að teknu tilliti til uppsjávarfisks, myndin ber með sér að um 90 skip eru með um 80% alls aflahlutdeildar mælt í þorsgildistönnum. Næstu 10% af úthlutuðum aflahlutdeildum dreifist á um 50 skip, um 90% af úthlutuðum afla fellur í skaut þessara 140 skipa.

Á umliðnum áratugum hefur fjöldi starfa í veiðum og vinnslu dregist saman eins og sjá má á mynd, þeirri þróun er best lýst með aukinni sjálfvirkni og afkastameiri framleiðslutækjum. Eins og myndin ber með sér hefur fjöldi starfa verið að dragast saman fram til ársins 2008 en fór þá að fjölga aftur.



Þá má sjá hvernig þróun EBITDA pr. starf á umliðnum árum mælt í mkr. á föstu verðlagi hefur verið að þróast, og enn fremur hvernig EBITDA pr. starf hefur þróast í SDR.


Ekki liggja fyrir ástæður þess að vinnuafslnotkun hefur aukist á umliðnum árum, en ein skýring er að við gengisfall krónunnar lækkuðu laun mæld í erlendri mynt verulega. Þær útgerðir/vinnslur sem stóðu frammi fyrir ákvörðun um að tæknivæða veiðar/vinnslu með umtalsverðri fjárfestingu töldu hugsanlega hagkvæmara að fresta slíku í ljósi þess að hlutfall launa af úthlutningsverðmæti hafði dregist mikið saman. Vinnuafli var orðið fjárhagslega hagkvæmari kostur en áður, ekki er þó loka fyrir það skotið að hér sé einkum um hlutastörf að ræða s.s. vegna aukinna strandveiða á síðustu misserum. Þá hefur makrálafliinn í auknu mæli verið unninn til manneldis í landi og hefur það skapað mörg störf í vinnslunum á árstíma sem annars væri mjög róglegur í fiskvinnslu.



Vinnslum í landi hefur fækkað og þær stækkað sem eftir standa samhliða aukinni hagræðingu og sjálfvirkni. Þá hefur bræðslum verið lokað, aðrar verið eflar og afkastageta aðlöguð með tilheyrandi hagkvæmari fjárbindingu.

Fjárhagsstaða sjávarútvegsins

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun á fjárhagsstöðu sjávarútvegs á umliðnum árum eins og þær eru birtar af Hagstofunni. Eins og myndin ber með sér er fjárhagsstaðan að jafnaði frekar bágborin, eiginfjárlutfall var á árunum 2003 – 2007 á bilinu 25-30%, lækkaði skarpt við gengisfall krónunnar á árinu 2008 og 2009 og varð neikvætt. Á sama tímabili jukust skuldir verulega.




Á mynd er sýnd þróun á fastafjármunum sjávarútvegsins á verðlagi hvers árs. Athygli vekur að hluti annarra eigna hefur vaxið hratt en „hefðbundnir“ rekstrarfjármunir standa svo til í stað á umræddu tímabili. Ljóst er að tiltekna bókfærðar eignir núverandi sjávarútvegsfyrirtækja eru veiðiheimildir sem keyptar hafa verið á umliðnum árum og hafa þau viðskipti átt umtalsverðan þátt í aukinni hagræðingu greinarinnar.

Fjármagnsskipan útlutningsfyrirtækja tekur almennt útgangspunkt í fræðunum um „economic exposure“ – en þau lýsa því hvernig stilla eigi upp heppilegasta fjármagnsskipan félaga með erlent tekjustreymi. Í stuttu máli er það svo að félög með meginhluta af sínu tekjustreymi í erlendum myntum á að fjármagna skuldir sínar í sömu myntum og tekurnar. Með því er áhættu vegna gengissveifla haldið í lágmarki. Slíkt á við um meginþorra innlends sjávarútvegs.

Tiltekin rekstrarkostnaður sjávarútvegsins er að hluta innlendur, þetta á t.d. við um launakostað landvinnslufólks og tiltekna aðra þætti. Þessir þættir eru hins vegar ekki óháðir innlendra verðlagsþróun og við gengisfall krónunnar hefur bæði innlend

neysluverðsvisitala (verðbólga) hækkað sem og kjarasamningar launafólks á síðasta ári. En kjarasamningarnir voru að mati Seðlabankans of framhlaðnir m.v. framleiðslugetu þjóðarþúsins.

Að þessu sögðu er eðlilegt að skuldir útflytningafyrirtækja mælt í íslenskum krónum vaxi samhliða gengisfalli krónunnar, þeirri skuldaaukningu er síðan mætt með tilheyrandi auknu sjóðsstreymi, mældu í íslenskum krónum, til að standa undir hærri höfuðstól lána. Að mörgu leyti gefur uppgjör í erlendri mynt betra yfirlit yfir fjárhagsstöðu útflytningafyrirtækis að þessu sögðu. Á meðfylgjandi myndum má sjá þróun helstu lykilstærða í rekstri og efnahag í SDR, þessar myndir benda ekki til að fjárhagsleg staða greinarinnar hafi tekið miklum breytingum.



Umtalsverður kostnaður sjávarútvegsins er tengdur erlendri mynt og meginhluti allra tekna. Þetta atriði virðist ekki fá nægilega mikla athygli í fyrirliggjandi frumvörpum, gengisfall krónunnar gefur tímabundið skakka mynd af raunverulegri fjárhagsstöðu, einkum þegar horft er á framlegð greinarinnar.

Kafli 2. Frumvarp um stjórn fiskveiða og frumvarp um veiðigjöld

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp um sjávarútveg. Bæði þessi frumvörp fela í sér breytingar á núverandi leikreglum í sjávarútvegi. Fyrri frumvarpið, um stjórn veiða, tryggir að kvótinn er sameign þjóðarinnar en veiðileyfishafar fá aðgang að auðlindinni í tiltekin árafjöldi, þá er gert ráð fyrir að auka megi úthlutun í svokallaðra potta fyrir utan önnur atriði. Seinna frumvarpið er um veiðigjöld og í því er farið yfir hvernig reikna beri svokallaða auðlindarentu, en hún myndar stofn til skattlagningar í veiðum og vinnslu.

Frumvarp um stjórn fiskveiða

Almennt má segja að frumvarpið leggi stein í áframhaldandi hagræðingu innan sjávarútvegsins, nýtingarleyfi verða skert, skerðing aflahlutdeilda verður varanleg, stækka á potta og auka á afskipti ráðandi stjórnvaldafla hverju sinni og veita þeim heimildir til að koma í veg fyrir að aflahlutdeildir geti flust þangað sem arðurinn af þeim er mestur, standi vilji til þess.

Nýtingarleyfi

Frumvarpið gerir ráð fyrir að frá og með næsta fiskveiðiári muni eigendur skipa sem ráða yfir aflahlutdeild fá tiltekið nýtingarleyfi á aflahlutdeildunum. Tímarammi leyfisveitingarinnar verður 20 ár. Að 5 árum liðnum framlengist leyfið um eitt ár í senn og verða því að jafnaði 15 ár eftir af gildistíma þess. Grundvallarbreytingar eða svipting nýtingarleyfis verður fyrst heimil þegar 5 ár eru liðin frá leyfisveitingu. Þá ber leyfishafa að greiða almennt veiðigjald fyrir afnotaréttinn.

Þetta getur valdið þeirri óvissu að eigendur leyfanna dragi úr fjárfestingu og hvati til langtímaarðsemisjónarmiða getur minnkað á kostnað skammtímahugsunar.

Skipting heildaraflamarks

Í frumvarpinu er lagt til að aflamark á hverju fiskveiðiári verði skipt upp í tvo flokka. Annar flokkurinn, flokkur 1, verði í anda þess sem verið hefur, aflaheimildir verða úthlutaðar til lögaðila og einstaklinga á grundvelli þeirra nýtingarleyfa sem farið var yfir hér að ofan. Hinn flokkurinn, flokkur 2, verða aflaheimildir sem stjórnvöld á hverjum tíma (ráðherra sjávarútvegs mála) fara með yfirráðarétt yfir. Varanleg skerðing aflahlutdeilda verður sem hér segir:

- Þorskur 9,5%
- Ýsa 6,9%
- Ufsi 7,2%
- Steinbítur 9,8%
- Aðrar tegundir 5,3%

Með þessari tillögu er verið að auka heildarúthlutað aflamark frá því sem verið hefur um ríflega 2% í þorskígildum, m.v. núverandi þorskígildisstuðla.

Þá stendur til að á fiskveiðiárinu 2012/13 verði úthlutað 4.500 tonnum af þorski í flokk 2, fari heildarúthlutun aflamarks í þorski yfir 177.000 tonn.

Jafnframt þessu er gerð sú breyting að ákveði ráðherra að heildaraflamark í þorski fari yfir 202 þús. tonn, fari 60% aukningarinnar í flokk 1 og 40% í flokk 2. Tilsvarandi ákvæði gilda ef aflahlutdeild í ýsu verður meiri en 66.000 tonn, yfir 50.000 tonn í ufa og 14.000 tonn í steinbít.

Markmið með flokki 2, hér eftir sem hingað til, er að nýta þær aflaheimildir meðal annars til að styrkja byggðarlög vegna ófyrirséðra og verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda. Gert er ráð fyrir að aflahlutdeildum verði ráðstafað í strandveiði, bóta og byggðakvóta, til línuvinnunar, frístundaveiða, eldi þorsks og Kvótapiþings.

Með þessum ráðstöfunum er verið að færa aflaheimildir að einhverju marki frá núverandi útgerðum, að mestu yfir á Kvótáþing. Eins og komið verður inn á í kafla 4 hefur aflahlutdeild svokallaðra potta verið að aukast, með lagasetningu, á umliðnum árum og í frumvarpinu er lagt til að sú þróun geti hæglega haldið áfram, allt eftir því hvernig stofnstærðir þróast. Ekki skal hér lagt endanlegt mat á skynsemi allra þessara breytinga.

Framsal

Frumvarpið leggur til að Fiskistofa skuli skerða þær heimildir sem á skipi eru verði aðilaskipti að skipinu, þá skal Fiskistofa skerða þá aflahlutdeild sem framseld verður á milli aðila og skal skerðingunni ráðstafað í flokk 2.

Ráðherra fær forkaupsrétt á aflahlutdeildum á grundvelli byggðasjónarmiða fari framsal aflahlutdeilda yfir 20% af ígildum eða ef flutningur á aflahlutdeildum þyki hafa veruleg neikvæð áhrif á byggðarlagið, s.s. í atvinnumálum.

Heimild til framsals aflahlutdeildar mun falla úr gildi í upphafi fiskveiðiársins 2032.

Kvótáþing

Fiskistofu er falið að starfrækja Kvótáþing, en þingið verður vettvangur viðskipta með aflamark. Þá mun stofan annast greiðslur á milli kaupenda og seljanda, safna og miðla upplýsingum.

Nokkur álitamál að mati IFS um stjórn veiða.

Einn af hornsteinum núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis er frjálst framsal á aflaheimildum, sem komið var á 1991. Það hefur verið drifkraftur þess að sjávarútvegsfyrirtæki hafa getað hagrætt og þar með aukið arðsemi greinarinnar í heild. Þá er álit sérfræðinga almennt á þann veg að frjálst framsal gegni lykilhlutverki í að auka hagkvæmni og arðsemi takmarkaðra auðlinda en þær breytingar sem frumvarpið boðar mun takmarka áframhaldandi hagræðingu innan greinarinnar.

Sjávarútvegur er útflutningsatvinnuvegur sem skapar umtalsverðan hluta af gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins og með tilkomu kvótakerfisins var lagður grunnur að blómlegri og arðsamri atvinnugrein. Það eru almannahagsmunir að greinin búi við skýrar leikreglur sem gerir fyrirtækjum kleyft að gera langtímaáætlanir í rekstri þar sem sveigjanleiki og frelsi til að taka arðsamar rekstrarákvæðanir eru í fyrirrúmi.

Frumvarp um veiðigjöld

Almennt má segja að markmið frumvarpsins sé að tryggja að þjóðin fái eðlilegan skerf að þeirri auðlindarentu sem getur myndast við aðgang að takmarkaðri auðlind og ákvarðast gjaldið af meðalafkomu í greininni á tiltekinn hátt sem farið verður betur yfir hér á eftir.

Almennt veiðigjald.

Lagt verður á almennt veiðigjald sem nemur 8 kr. á hvert þorskígildiskíló.

Sérstakt veiðigjald

Framlegð sjávarútvegsins, mæld í EBITDA, verður aðlöguð samkvæmt tiltekinni reiknireglu sem myndar stofn sem skattlagður verður. Lagt er til að hin leiðréttta EBITDA verði skattlögð um 70%, en leiðréttingin felst einkum í að tekið er tillit til fjárbindingar rekstrarfjármuna og birgða, annars vegar í útgerð með afvöxtunarstuðli upp á 8% og hins vegar í vinnslu með afvöxtunarstuðli upp á 10%.

Hér er rétt að hafa í huga að auðlindarenta eru tekjur að frádregnum kostnaði að teknu tilliti til eðlilegrar ávöxtunar þeirra fjármuna, lánsfjármagns og eigin fjár, sem þarf til að

skapa þau verðmæti sem um ræðir. Hér er því um umframhagnað að ræða í sviðuðum skilningi og þegar rætt er um einkunnarhagnað og tengist með tilteknum hætti skorti á auðlindum.

Að hafa aðgang að takmarkaðri auðlind er samt sem áður ekki nægjanlegt skilyrði til að renta myndist, samanber að sjávarútvegur er ríkisstyrktur víða um heim. Þá er ekki einfalt að mæla rentu, ýmiss álitamál koma upp um hvernig meta eigi tekjur og gjöld og ennfremur við hvaða gögn á stöðjast. Í frumvarpinu er lagt til að reikniregla stofns til álagningar auðlindagjalds verði með eftirfarandi hætti:

$$\text{Auðlindastofn} = \text{Tekjur} - \text{Kostnaður} - \text{Fastafjármunir} * \text{Ávöxtunarkrafa}$$

Tekjur, kostnaður og rekstrarfjármunir eru síðan skilgreind. Innifalið í rekstrarfjármunum eru birgðir en ekki viðskiptakröfur eða óefnislegar eignir, en stór hluti af eignum sjávarútvegsins er í formi bókfærðra aflaheimilda, óefnislegra eigna. Veidum og vinnslu er slegið saman og einvörðungu er um tvo útgerðarflokka að ræða, bolfisk og uppsjávarfisk. Þá fer allt uppgjör fram með vísan til þorskígilda.

Í frumvörpunum er lagt til að af fyrstu 30 tonnum af úthlutuðu aflamarki verði ekki innheimt veiðigjald og hálf af næstu 70 tonnum. Þetta kemur einkum minni skipum/útgerðum til góða en um 360 skip, smábátar með aflamark og krókaafلامark, eru með minna en 100 þorskígildistonn af úthlutuðu aflamarki hvert.

Frankvæmd skattlagningarinnar fer síðan fram á grundvelli upplýsinga sem Hagstofa Ísland vinnur úr skattframtölum og verður byggð á meðalafkomu greinarinnar í heild. Þannig hefði rekstrarafkoma ársins 2009, sem félögin skila skattframtali um á árinu 2010 og Hagstofan vinnur úr og birtir á fyrri hluta árs 2011, myndað grunn að veiðigjaldi fyrir fiskveiðiárið 2011/2012 og koma til innheimtu með þremur jöfnum greiðslum, einni fyrir júl 2011 og tveimur eftir. Það er því dágóður tími liðinn, allt að þrjú ár, frá því að reksturinn skilaði hugsanlegri auðlindarentu þar til fyrirtækin eiga að greiða hana til ríkissjóðs. Til að taka tillit til þessa tímamissræmis, er undirliggjandi þættir uppfærðir miðað við tilteknar vísitölur, tekjur með vísitölu sjávarafurða, kostnaður með vísitölu neysluverðs og fastafjármunir með byggingarvísitölu.

Nokkur álitamál að mati IFS á veiðigjöldum

Þar sem skattlagningin er byggð á meðalafkomu greinarinnar, en meðaltal er ekki nægilega góður mælikvarði á afkomu greinarinnar þegar horft er til þess að innan greinarinnar eru bæði mjög stór félög en líka mjög lítil með mismunandi arðsemi og fjárhagsstöðu, allar líkur eru á að rekstrarafkoma fjölda fyrirtækja verði lakari en meðaltalsins. Það er því engan vegin hægt að áætla skattinn í upphafi rekstrarárs og hversu stór hann verður í hlutfalli við hagnað. Það mun auka óvissu og áhættu í þessum fyrirtækjum.

Að þessu sögðu eru verulegar líkur á að þegar kemur að innheimtu veiðileyfagjalda mun fjöldi fyrirtækja eiga í erfiðleikum með að standa skil á álögðum gjöldum. Falli skuld í eindaga verður eigandi sviptur veiðileyfi, en samhliða er lögveð í skipinu.

Þá skal bent á það missræmi sem felast í lögunum hvað skattalega meðferð á rentunni varðar, í góðum rekstrarárum þegar afkoma og renta eru jákvæð verður auðlindagjald reiknað eftir fyrrnefndri jöfnu, þegar afkoma er lakari og renta neikvæð myndast ekki „skattaleg innistæða“ hjá sjávarútvegsfélögum sem jafna má á móti þeirri rentu sem myndast við jákvæð skilyrði ein og almennt gerist þegar fyrirtæki skila tapi.

Mismunur er á milli skilgreiningar frumvarpsins á auðlindarentu og skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna (SP)³. SP tekur tillit til afskrifta, þ.e. kostnaði vegna notkunar á fastafjármunum, og skilgreinir þær sem frádráttarlið. Það er ekki gert í frumvarpinu. SP miðar við bókhaldstölur allra langtímafjármuna sem bundnir eru í rekstrinum en grunnviðmið frumvarpsins er tryggingaverðmæti að viðbættu álagi og birgðum. Keyptur kvóti samkvæmt skilgreiningu ætti að vera hluti langtímafjármuna hjá SP en eru það ekki í frumvarpinu. Birgðir eru hinsvegar ekki teknar inn í útreikninga hjá SP. Ef fylgt væri aðferð SP væri auðlindarentan heldur lægri en er í útreikningum skv. frumvarpinu⁴.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að ávöxtunarkrafa á rekstrarfjármuni þurfi að vera há til að gefa nauðsynlegt svigrúm til endurfjárfestinga. Frumvarpið miðar við fasta prósentu, 8% fyrir útgerð og 10% fyrir vinnslu. Eflaust má deila um það hvort hér sé um háa prósentu að ræða eða ekki. Í útreikningum SP er oft miðað við skuldabréfavexti að viðbættu áhættuálagi. Þar er talað um að ávöxtunarkrafan eigi að endurspeglar langtímafjármögnunarkostnað útgerðarinnar. Skuldir útgerða og vinnslu hér á landi er yfirleitt í erlendum myntum þar sem tekjur eru í erlendum myntum. Ef miðað er við það að ríkissjóður gekk nýlega frá USdollara skuldabréfaútgáfu til 10 ára með 6% föstum vöxtum þá er 8 og 10% einungis sanngjarnt í þeim samanburði. Væntanlega eru vaxtakjör útgerðar í dag heldur lægri en þetta en það kemur að endurfjármögnunarpörf og þá er óvíst að lánskjör hafi batnað mikið nema ef lánskjör ríkissjóðs hafi batnað verulega. Uppgjörsmýnt margra sjávarútvegsfyrirtækja er í krónum og ef 8 og 10% ávöxtunarkrafa er borið saman við krónuvexti þá eru það líka í besta falli sanngjarnir vextir. Vextir nú um mundir eru lágir um verður að búast við því að þeir muni hækka. Hinsvegar er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er í frumvarpinu föst.

Pólitísk íhlutun

Atvinnuvegir eiga að búa við skýrar almennar leikreglur, lög og reglugerðir á að setja með hagsmuni almennings í huga og fyrirtæki eiga að geta gengið að því sem vísu að pólitísk inngríp verði ekki handahófskennd, allt effir því hvaða stjórnmalastefnur eru við völd á sérhverjum tíma. Það eru mikil völd falin sitjandi ráðherra/stjórn í fyrirliggjandi frumvörpum. Ekki verður hér farið yfir öll þau atriði sem hægt væri að tiltaka en nefna má heimild ráðherra til að koma í veg fyrir framsal á aflaheimildum á milli byggðalaga ef aðstæður eru með tilteknum huglægum hætti. Það er eðlilegt að í samfélagi manna séu skiptar skoðanir á gangverki efnahagslífsins, slík mismunandi sýn á hins vegar ekki heima í lögum um einstakar atvinnugreinar.

³ Handbook for Integrated Environmental and Economic Accounting for Fisheries (SEEAF) (United Nations, 2004).

⁴ Núvirðing m.v. ávöxtunarkröfu samfélagsins og ávöxtunarkröfu einkaaðila eru gerð skil í handbókinni. Hér er stuðst við ávöxtunarkröfu einkaaðila. Sjá einnig viðauka I. í skýrslunni.

Kafli 3. Afkoma, skuldir og greiðslugeta sjávarútvegsins

Það eru frekar litlar upplýsingar að finna með frumvarpsdrögum um skuldastöðu sjávarútvegsins. Þær greinargerðar sem lítið hafa ljós á umliðnum misserum fjalla tiltölulega lítið um skuldir greinarinnar. Það liggur í hlutarins eðli að skattlagning/gjaldtaka atvinnuvegar hlýtur að þurfa að taka tillit til fjárhagsstöðu greinarinnar, nema önnur heimspekileg sjónarmið eigi við, t.d. hvort sú hagræðing sem átt hefur sér stað með uppkaupum/sameiningum á sjávarútvegsfyrirtækjum landsins sé í andstöðu við gildandi lög. Þeirri heimspekilegu spurningu verður ekki svarað hér, en gengið út frá að í þeim tilvikum hafi rekstrarlegar forsendur legið að baki þeim viðskiptum sem um ræðir. Þar með hefur mengi mögulegra útkomna tekið á sig aðra og þrengri mynd.

Að teknu tilliti til þessarar skilgreiningar þarf að velta upp tveimur spurningum:

1. Er greinin rekin þannig að skilvirkni framleiðslunnar (veiða/vinnslu) er með þeim hætti að frekari hagræðing er ólíkleg? Þá ætti nákvæm upplýsingaöflun um afkomu og fjárhagsstöðu greinarinnar að mynda grunn að upplýstri og sanngjarni ákvörðun um fjárhagslegt svigrúm greinarinnar til að taka á sig auknar álögur.
2. Er greinin rekin á óskilvirkan hátt hvað hagkvæmni varðar og með auknum álögum má reikna með aukinni hagræðingu, fækkun skipa og vinnslustöðva og sameiningu fyrirtækja með tilheyrandi lægri rekstrarkostnaði og vaxandi arðsemi og samfélagslegum ábata þeirra (sameinuðu) fyrirtækja sem standa af sér auknar byrðar?

Ef svarið við spurningu 1. er játandi er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi nákvæmar upplýsingar um skuldastöðu greinarinnar þar sem auknar álögur draga þrótt úr atvinnuveginum, hvati eigenda til að gera vel minnkar og arðsemi greinarinnar dregst saman.

Opinberar upplýsingar um fjárhagsstöðu sjávarútvegsins benda ekki til að greinin, að meðaltali, sé ofalin eins og komið var inn á í kafla 1. Hvort meðaltal er góður mælikvarði á raunverulega fjárhagsstöðu atvinnuvegarins er hins vegar annað mál. Við ætlum að skoða það aðeins betur.

Ef svarið við fyrri spurningunni er nei, þarf að velta upp spurningu 2. Þá er (óbeint) markmið laganna, fyrir utan hvað segir í lögnunum, að ýta undir frekari hagræðingu í greininni meðal annars með samþjöppun og nauðsynlegum skuldaafskriftum. Slíkar skuldaafskriftir munu lenda á innlendu bankakerfi að megninu til og álit innlendra banka á frumvarpsdrögum er í þá átt að umtalsverður fjöldi fyrirtækja geti ekki staðið undir fyrirhuguðu veiðigjaldi. Við ætlum einnig að skoða þetta atriði aðeins betur.

Fjárhagsstaða sjávarútvegsins

Til að gera sér aðeins betri grein fyrir áhrifum frumvarpsins á afkomu og rekstur sjávarútvegsins tökum við útgangspunkt í afkomu ársins 2010, sem telja verður rekstrarlega gott ár fyrir greinina. Ástæða þess að við tökum útgangspunkt í rekstrarlega góðu ári sé horft til síðustu 10-15 ára er sú að á árunum fyrir hrun krónunnar var nafngengi krónunnar langt frá jafnvægisverði og ýmis teikn eru á loffi um að núverandi raungengi sé um eða við eitthvað sem gæti verið langfímajafnvægisraungengi.


Í því sambandi má benda á að afgangur af vöruskiptum við útlönd er jákvæður en þáttatekjujöfnuður að sama skapi neikvæður og að teknu tilliti til hreinnar skuldastöðu þjóðarbúsins er þörf á jákvæðum vöruskiptajöfnuði mörg næstu ár, innlend verðbólga er almennt hærri en hjá okkar samkeppnislöndum og að okkar mati eru takmarkaðar líkur á að þeirri þróun verði snúið við. Hins vegar benda hinir klassísku mælikvarðar til að krónan sé vanmetin.

Útreikningar IFS

Í greinargerð með frumvörpunum er að finna útreikninga á því hvernig fyrirhuguð skattlagning hefði orðið á síðustu árum m.v. rekstrarniðurstöður greinarinnar og benda þeir útreikningar til að greinin í heild sinni geti staðið undir fyrirhugaðri auðlindarentu. Mikilvæg forsenda í þeim útreikningum er að skuldum sjávarútvegsins er haldið fyrir utan reikniregluna, aðeins er gert ráð fyrir að fastafjármunir og birgðir fái eðlilega ávöxtun

En meðaltal er ekki alltaf góður mælikvarði og eins og meðfylgjandi myndir bera með sér dreifist þetta mjög misjafnt á einstök fyrirtæki.


Hér er annars vegar um úrtak 25 stærstu fyrirtækjanna að ræða sem eru með um 260.000 þorskígildistonn í aflamarki og hins vegar 93 minni fyrirtækja með um 60.000 þorskígildistonn í aflamarki. Alls gera þetta yfir 90% af heildar úthlutuðum afla, þessi félög skulda um 305 milljarða ISK í vaxtaberandi skuldum en eru í ólíkum rekstri.



Úrtökin ná yfir öll helstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtæki landsins og 93 minni félög. Fyrirtækjunum er raðað upp eftir skuldamargfaldara, frá því félagi sem er með lægstan til þess félags sem er með skuldamargfaldara sem er 6 sinnum EBITDA – fyrir því eru einkum tvær ástæður, sú fyrri er að greinin er ekki með nema um 20% bókfært eiginfjár hlutfall sem verður að teljast frekar lágt og hin er að með fyrirhuguðum auknum álögum er verið að draga úr fjárhagslegum styrkleika greinarinnar og sem kallar á lægri skuldamargfaldara að öðru óbreyttu.

Á myndunum sést að m.v. óbreytt kerfi eru í þessum úrtökum félög sem þurfa að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu hvort sem frumvörpin verða að lögum eða ekki. Okkar útreikningar benda til að m.v. að skuldamargfaldari greinarinnar verði að hámarki 6, sé uppsöfnuð afskriftarþörf stórra sjávarútvegsfyrirtækja allt að 30 milljarðar króna, samanber dökka línan á myndinni til vinstri og hátt í 40 milljarðar króna í úrtakinu fyrir minni félögin. Verði frumvörpin að lögum, óbreytt, eykst þessi afskriftarþörf um 30 milljarða króna fyrir stærri félög, samanber gráa línan, en hækkar aðeins um 10 milljarða króna fyrir minni félögin. Í þessum útreikningum hefur ekki verið tekið tillit til rekstrarniðurstöðu 2011, sem að flestra mati var gott ár hjá sjávarútveginum, það gæti breytt þessari mynd að einhverju leyti.

Á næstu myndum má sjá næmni þess að skuldamargfaldarinn hlaupi frá því að vera 4 og upp í 8 fyrir þessi tvö úrtök. Dökka línan segir til um skuldir umfram viðeigandi skuldamargfaldara, þannig eru skuldir umfram 8 falda EBITDA ríflega 20 milljarðar króna og skuldir umfram 4 falda EBITDA um 60 milljarðar króna hjá stærri sjávarútvegsfyrirtækjum. Tilsvarandi túlkun á við um minni félögin.



Gráa línan tekur tillit til fyrirhugaðra skattlagningar á auðlindarentu. Hún dregur fram að óháð því mati sem fjármálastofnanir telji að sjávarútvegurinn geti búið við hvað skuldamargfaldara varðar, eru þær auknu álögur sem fyrirliggjandi frumvörp bera í sér um 30 milljarðar króna fyrir stóru félögin, fjarlægðin á milli dökku og gráu línunnar en langtum minni fyrir minni félögin.

Sú tala sem bankakerfið yrði að afskrifa er því að lágmarki 30 milljarðar króna að viðbættum þeim sem bæstast við vegna minni félaganna, þá hefur ekki verið tekið tillit til þeirra afskrifta sem virðast óhjákvæmilegar og hlaupa á tugum milljarða króna.

Þessar upplýsingar virðast benda til þess að afskriftapörf minni félaga er hlutfallslega langtum meiri en hjá stærri félögum sé miðað við aflahlutdeild.

Skuldapól og afskriftir

Til að setja þetta í samhengi við þær upplýsingar sem finna má um heildarskuldastöðu greinarinnar í gögnum Seðlabanka Íslands og í ársreikningum viðskiptabankanna þriggja, má finna yfirlit um útlán til sjávarútvegsins í töflu 2. Opinberar upplýsingar bankakerfisins benda til að heildarskuldir, bókfærðar, séu á bilinu 270 – 280 milljarðar króna, ef eingöngu er litið til innlánsstofnana, eða töluvert lægri en þær upplýsingar sem við höfum úr ársreikningum 118 fyrirtækja, en samkvæmt þeim námu heildar vaxtaberandi skuldir um 305 milljarðar króna í lok árs 2010. Þó ber að hafa í huga að einhver fyrirtæki hafa fjármagnað sig á erlendum mörkuðum og getur einhver hluti heildarskulda átt uppruna sinn þar.

Tafla 2. Skuldir sjávarútvegs

Milljarðar króna	2011	2010
Útlán viðskiptabankanna alls	2.014.545	1.823.135
þ.a. Sjávarútvegur	268.286	252.221
Sjávarútvegur samkvæmt SÍ	276.036	272.804



Einhver árangur hefur náðst í að greiða niður skuldir greinarinnar á síðustu árum mælt í íslenskum krónum meðan skuldinar hafa staðið svo til í stað í SDR frá því í lok árs 2008. Samkvæmt mati LÍÚ og SF námu skuldir sjávarútvegsins á bilinu 500 – 550 milljarðar króna fyrir örfáum árum, en samkvæmt SÍ urðu þær mestar um 400 milljarðar króna hjá innlánsstofnunum en þá er ekki tekið tillit til hugsanlegra skráðra markaðsskuldabréfa eða erlendra lántöku greinarinnar. Þá hafa dómur um ólögleg gengistryggð lán haft jákvæð áhrif á meðalskuldastöðu greinarinnar, en þær upplýsingar koma ekki fram í ofanefndum tölum enda komu þær fyrst til framkvæmda á síðasta ári.

Samkvæmt þessum upplýsingum virðist bankakerfið þegar hafa tekið tillit til að tiltekin fjöldi fyrirtækja á eftir að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Það sem komið hefur fram um áhrif frumvarpanna á viðskiptabankana þrjá er að Landsbankinn telur sig þurfa að afskrifa 31 milljarð króna nettó, umtalsvert meira brúttó, og Arionbanki telur að um 37% af eignasafni bankans í sjávarútvegi þurfi að fara (sum aftur) í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, en heildar bókfærð útlán bankans í sjávarútvegi eru 62 mkr.

Þó bankakerfið hafi tiltekið fjárhagslegt svigrúm hvað afskriftir varðar er ólíklegt að fullt tillit hafi verið tekið til svo umfangsmikilla breytinga á grundvallarforsendum greinarinnar þegar nýju bankarnir yfirtóku lánasöfn gömlu bankanna.

Fjárhagsleg endurskipulagning

Þegar skuldir fyrirtækis eru orðnar það miklar að hefðbundinn rekstur og afkoma getur ekki staðið undir áhvílandi skuldum verður fyrirtækið að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu, slíkt gerist að öllu jöfnu í samvinnu eigenda og fjármögnunaraðila. Í sinni einföldustu mynd má segja að þær leiðir sem til greina koma séu:

- Auka eigið fé
- Afskrifa skuldir
- Sameining/yfirtaka á hinu skuldsetta fyrirtæki
- Fyrirtækið leyst upp, eignir seldar og skuldir greiddar, fyrst veðtryggðar og síðan aðrar skuldir hlutfallslega m.v. þær eignir (ef einhverjar) sem þá eru eftir

Að öllu jöfnu tapast verðmæti ef félög hætta rekstri, viðskiptavinir hverfa, tæki og tól þarf að selja með afföllum og tína má aðra slíka þætti til. Standi vilji löggjafans til að „þvinga“ greinina til aukinnar hagræðingar (sjá hér á eftir) eða fjármögnunaraðila til afskrifta skulda er frumvarpið um stjórn veiðanna hindrun á þeirri leið, en frumvarpið dregur úr möguleika greinarinnar til aukinnar hagræðingar með tilheyrandi minna svigrúmi til að endurskipuleggja reksturinn og/eða sameina félög.

Framleiðni og kostnaðaruppbygging

Framleiðni er lykillugtak í allri framleiðslu, almennt eru tvær leiðir til að auka verðmæti framleiðslunnar, annars vegar að fjölga þeim þáttum sem skapa framleiðsluna (t.d. fjármagn, vinnuafli og þorskum) og hins vegar að nota þessa þætti á skilvirkari máta en áður og ná þannig auknum verðmætum með sömu framleiðsluþáttum. Það kallast framleiðni.

Annað mikilvægt atriði er kostnaðaruppbygging þeirrar atvinnugreinar sem til skoðunar er, almennt er talið að kostnaðaruppbygging atvinnugreina sé með þeim hætti að við tvöföldun á öllum aðföngum gerist eitt af þrennu:

- Framleiðslukostnaður verður minni en tvöfaldur
- Framleiðslukostnaður tvöfaldast
- Framleiðslukostnaður verður meiri en tvöfaldur

Þetta atriði er nátengt hugtakinu stærðarhagkvæmni en þegar kemur að því að beita þessum hugtökum á praktísk viðfangsefni koma upp ýmis vandamál sem erfitt getur verið að leysa.

Hér verður ekki lagt mat á hvort hægt sé að auka framleiðni innan sjávarútvegsins eða hvort kostnaðarfall greinarinnar sé með þeim hætti að með aukinni samþjöppun megi gera ráð fyrir að einingakostnaður framleiðslunnar fari minnkandi eða vaxandi.

Hafa þarf hins vegar í huga að þessir þættir eru á forræði innlendra aðila, stjórnvöld eiga að skapa þannig umgjörð að möguleikar greinarinnar til framleiðniaukningar og/eða lægri einingakostnaðar framleiðslunnar séu með þeim hætti að greinin skili sem mestum samfélagslegum ábata.


Um þessi lykilatriði þarf að ríkja sameiginlegur skilningur og þokkaleg sátt hvað skilgreiningar varðar, byggða á álitum sem eru yfir allan pólitískan vafa hafin.

EBITDA og EBIT kennitölur og aðeins um stærðarhagkvæmni

Í jafn stórra atvinnugrein og sjávarútvegi er að finna félög sem standa sig misvel eins og gengur og gerist almennt í fyrirtækjarekstri. Þannig getur EBITDA á hvert þorskígildistonn eða EBITDA á hvert starf verið mjög mismunandi, jafnvel hjá fyrirtækjum sem virðast í grunninn í líkum rekstri.

Algengt hefur verið að gera samanburð á sjávarútvegsfyrirtækjum með því að skoða EBITDA-framlegð á hvert þorskígildiskíló. Sú nálgun nær ekki að fanga þann mismun sem hugsanlega getur verið á einstökum félögum hvað sjálfvirkni framleiðslunnar varðar, EBITDA tæknivæddari félaga getur verið hærra en þeirra sem enn styðjast við mannaflsrekari framleiðsluferla og kæmi það þá fram í hærra afskriftum slíkra félaga. EBIT ætti að taka tillit til þessa atriðis.

Á mynd má sjá EBIT á móti þorskígildistönnum fyrir þau félög sem mynda okkar úrtak. Myndin ber með sér að mikil og jákvæð fylgi er á milli EBIT og úthlutaðra þorskígilda, hér sýnt á logaritmískum skala.



Brotalínan lýsir bestu línu gegnum safnið. Skýrihlutfallið (coefficient of determination) er $R^2=0,80$, sem gefur til kynna að þorskígildismagn fyrirtækja skýrir mjög vel EBIT viðkomandi fyrirtækja. Myndin sýnir að þau fyrirtæki sem eru undir línunni eru með lakari rekstur en meðaltalið og á sama hátt eru þau félög sem eru yfir línunni að gera betur en meðaltalið.

Það er marktækur munur þegar annarrar gráðu ferill er nálgaður gegnum punktastafnið þá eykst skýrihlutfallið lítillega og verður 0,83. Þó má sjá að línan og ferillinn falla nálægt hvor annarri.

Ekki verður hér lagt heildstætt mat á hvort og þá hvaða ályktanir draga megi af þessari einföldu nálgun, en bent skal á að ef beina línan gefur til kynna hið rétta fræðilega samband á milli þessara stærða er engin stærðarhagkvæmni í greininni (eða hana þarf að finna í öðrum breytistærðum en hér eru sýndar), gildi hins vegar kúpti ferillinn gæfi það vísbendingu um að þegar aflaheimildir fara yfir tiltekna tölu, vaxi EBIT hlutfallslega meira, en slíkt samband myndi styrkja þá skoðun að stefna stjórnvalda í málaflokknum ætti að snúast um að gera félögin stærri og öflugri, að öðru óbreyttu.

Þessari nálgun fylgja ýmiss vandkvæði, tiltekin hluti þess afla sem veiddur er á miðunum kringum landið er hagkvæmast að gera með tiltölulega litlum skipum, annar hluti aflans er sóttur á stórum og öflugum togurum. Hagkvæmasta samsetning þessara fastafjármuna er breytileg og fer eftir því hvernig stofnstærðir eru að þróast og verða því ekki ákveðnar í eitt skipti fyrir öll. Sveigjanleiki er lykilatriði í fyrirtækjarekstri og möguleikar stærri félaga á að aðlaga framleiðslugetu sína að þeim aðstæðum sem raungerast á hverjum tíma eru sennilega meiri en minni félaga með einhæfari framleiðsluferla.

Þessi atriði ásamt þeim sem fram komu hér að framan um framleiðni og kostnaðaruppbyggingu greinarinnar er lítið fjallað um í fyrirbyggjandi frumvörpum, en hagkvæmasta samsetning þessara þátta eru þær breytistærðir sem eru á ábyrgð og forræði innlendra aðila og ákvarða möguleika greinarinnar til að standa af sér auknar opinberar álögur, að teknu tilliti þeirra þátta sem taka verður sem gefna.

Arðsemi mismunandi félaga, lauslegt mat

Í meðfylgjandi töflu höfum við skipt okkar úrtaki í þrennt, félög í uppsjávarveiðum (sem eru almennt líka í bolfiski), útgerð og útgerð og vinnslu. Ennfremur bolfiskfélög með yfir 3.000 þíG. í aflaheimildum og þau sem eru með minna en 3.000 þíG. Það virðist vera munur á skuldamargfaldara þessara félaga bæði eftir útgerðarflokkum og stærri og minni bolfiskútgerðum. Þetta er í takt við hvað kom fram hér að framan um afskriftamat IFS vegna fyrirhugaðra breytinga á stærri og minni félög.

Tafla. Skuldir á móti EBITDA mismunandi útgerðarflokka

Fyrirtækjahópar	Fjöldi	Skuldir / EBITDA	Þíg. (þús.)
Uppsjávarfisk félög	11	2,9	156,5
Útgerðir	67	8,0	111,0
Útgerð og vinnsla	40	7,7	61,3
Sundurliðun bolfiskútgerðar			
Bolfisk félög með yfir 3.000 þíg.	12	6,90	105,7
Bolfisk félög með undir 3.000 þíg.	95	13,15	67,4

IFS hefur ennfremur lagt lauslegt mat á rekstrarvirði þeirra félaga sem eru í okkar úrtaki og skipt úrtakinu upp í þrennt og stuðst við eftirfarandi:

- Uppsjávarfyrirtæki, félög sem eru með yfir 30% af sínum kvóta tengdum uppsjávarveiðum
- Félög, einkum með bolfiskkvóta, en einnig vinnslu
- Félög eingöngu í útgerð

Til að sjá hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar hafa á hagnað stórs hluta þeirra fyrirtækja sem tengjast sjávarútveginum skoðuðum við lauslega þau ríflega 100 sjávarútvegsfyrirtæki sem við höfðum upplýsingar um. Farið var yfir rekstur þeirra og hagnaður ársins 2010 lauslega metinn, en það ár var sjávarútveginum hagstætt. Það er auðvitað ljóst að fyrirtæki þurfa og eiga að skila hagnaði að öllu jöfnu. Eigendur þeirra fjármuna sem lagðir eru í fyrirtækjarekstur geta alltaf valið að setja þá fjármuni í áhættulausa fjárfestingu og því er viðbúið að ávöxtunarkrafa eiginfjár endurspeglgi þá áhættu sem viðkomandi rekstur stendur frammi fyrir.

I. Áætlaður hagnaður 2010 – núverandi vxb. skuldir og núverandi EBITDA

Fyrirtækjaflokkar	Fjöldi félaga með hagnað	Fjöldi félaga með tap	ÞÍG félaga með hagnað	ÞÍG félaga með tap	Uppsafn. hagnaður
Uppsjávarfisks fyrirtæki	10	1	148.924.091	7.622.880	18.291.194
Útgerðarfyrirtæki	49	17	53.262.610	6.881.565	2.478.106
Vinnslu- og útgerðarfyrirtæki	28	13	97.839.849	14.325.535	6.058.309
Samtals	87	31	300.026.550	28.829.979	26.827.609

Í fyrsta dálki eru fyrirtækjahóparnir skilgreindir, næsti dálkur gefur til kynna fjölda fyrirtækja sem hefðu skilað hagnaði á árinu 2010 m.v. óbreytt kerfi, þriðji dálkurinn fjölda félaga sem hefðu skilað tapi. Þá er uppsöfnuð þorskígildiskiló sem einstakir fyrirtækjahópar hafa yfir að ráða og hvernig það skiptist á milli fyrirtækja með hagnað og þeirra sem skilað hefðu tapi. Að lokum má sjá uppsafnaðan hagnað fyrirtækjanna.

Í næstu töflu má sjá hvernig þetta hefði breyst ef gert er ráð fyrir að þau félög sem eru með hærri skuldarmargfalda en 6 færu í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og yrðu að hámarki með 6 falda EBITDA í vaxtaberandi skuldir.

II. Áætlaður hagnaður 2010 - vxb. skuldir að hámarki 6 föld núverandi EBITDA

Fyrirtækjaflokkar	Fjöldi félaga með hagnað	Fjöldi félaga með tap	ÞÍG félaga með hagnað	ÞÍG félaga með tap	Uppsafn. hagnaður	Uppsöfn. afskr.þörf
Uppsjávarfisks fyrirtæki	11	0	156.546.971	0	18.527.882	4.960.169
Útgerðarfyrirtæki	62	4	58.815.850	1.328.325	3.523.740	20.605.716
Vinnslu- og útgerðarfyrirtæki	36	5	109.384.925	2.780.458	8.339.093	47.647.034
Samtals	109	9	324.747.746	4.108.783	30.390.715	73.212.919

Túlkun á töflunni er tilsvareandi og fyrr, eina breytingin er að bætt hefur verið við einum dálki, lengst til hægri, en þar kemur fram uppsöfnuð afskrifaþörf fyrirtækjaflokkanna.

Í meðfylgjandi næmnitöflu má sjá hvernig breyting á EBITDA – margfaldara og vaxtakostnaði skulda hefði fjölgað/fækkað þeim félögum sem skilað hefðu hagnaði.

		EBITDA margfaldari		
		4	6	8
Vextir	3,5%	110	110	110
	5,5%	110	109	107
	7,5%	109	107	102

Hér hefur verið fjallað um hvernig einstakir fyrirtækjahópar eru að standa sig m.v. rekstarniðurstöðu eins árs. Annars vegar án nokkurra breytinga og hins vegar m.v. að skuldir tiltekinna félaga yrði fært niður í EBITDA margfaldarann 6.

III. Áætlaður hagnaður 2010 - a.t.t.t. auðlindaskatts, núverandi vxb. skuldir og leiðrétt EBITDA

Fyrirtækjaflokkar	Fjöldi félaga með hagnað	Fjöldi félaga með tap	ÞÍG félaga með hagnað	ÞÍG félaga með tap	Uppsafn. hagnaður
Uppsjávarfisks fyrirtæki	10	1	148.924.091	7.622.880	10.119.415
Útgerðarfyrirtæki	32	34	35.786.488	24.357.687	-23.003
Vinnslu- og útgerðarfyrirtæki	17	24	71.008.597	41.156.786	1.234.270
Samtals	59	59	255.719.176	73.137.353	11.330.681

Taflan ber með sér að fjöldi félaga sem ekki skilar hagnaði vex, fer úr 31 í 59, þá lækkar heildarmagn þorskígildistonna sem skila hagnaði, fer úr 300 þúsund tonnum í 256 þúsund tonn. Uppsafnaður hagnaður greinarinnar lækkar úr tæpum 27 milljörðum í rúma 11.

IV. Áætlaður hagnaður 2010 - a.t.t. auðlindaskatts vxb.skuldir að hámarki 6 föld leiðrétt EBITDA og leiðrétt EBITDA

Fyrirtækjaflokkar	Fjöldi félaga með hagnað	Fjöldi félaga með tap	ÞÍG félaga með hagnað	ÞÍG félaga með tap	Uppsafn. hagnaður	Uppsöfn. afskr.þörf
Uppsjávarfisks fyrirtæki	10	1	148.924.091	7.622.880	10.581.106	8.465.770
Útgerðarfyrirtæki	55	11	48.569.939	11.574.236	1.725.988	33.203.976
Vinnslu- og útgerðarfyrirtæki	34	7	107.605.372	4.560.012	4.780.167	68.428.611
Samtals	99	19	305.099.402	23.757.127	17.087.261	110.098.357

Fjöldi félaga sem skilar hagnaði eykst úr 59 í 99, á bak við þann fjölda eru 305 þúsund þorskígildistonn og uppsöfnuð afskrifaþörf verður um 110 milljarðar króna.

Þá má sjá í næstu töflu næmni þess að EBITDA – margfaldari og vextir breytast.


		EBITDA margfaldari		
		4	6	8
Vextir	3,50%	99	99	99
	5,5%	99	99	96
	7,5%	99	96	88

Stór hluti þeirra félaga sem við höfum skilgreint sem útgerðarfélag og vinnslu- og útgerðarfélag virðast vera yfirsuldsett og þurfa á fjárhagslegri endurskipulangu að halda hvort sem frumvörpin verða að lögum eða ekki, þessar niðurstöður eru í anda þess sem kom fram hér fyrir í kaflanum. Hafa verður þó í huga að með gengislánadómi 2011 um ólögumæti tiltekinna lánaforma hafa sum félag fengið leiðréttingu lána. Ekki er útilokað að skuldarmargfaldari einhverra félaga hafi við það farið undir 6 og hér er verið að vinna með upplýsingar um fjárhagsstöðu sjávarútvegsins m.v. rekstarárið 1.1.2010 - 31.12.2010.

Auðlindaskattur sem hlutfall af EBITDA

IFS hefur einnig lagt lauslegt mat, byggt á þeim upplýsingum sem fram koma í frumvarpsdrögunum, á hvert hlutfall auðlindaskattsins af EBITDA yrði fyrir einstök félag í okkar úrtaki. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig þetta dreifist misjafnlega á einstök fyrirtæki.

Auðlindaskattur sem hlutfall af EBITDA f. skatt



Myndin ber með sér að fyrirtækin þurfa að nota mjög mismunandi hlutfall af EBITDA til að standa undir auðlindaskattinum, fyrir greinina í heild er meðaltalið 32,7% en fyrir einstaka flokka eins og þeir eru skilgreindir hjá okkur eru útgerðarfélögin að greiða lang hæst hlutfall af sinni EBITDA, 44,7%, til að standa undir skattinum meðan uppsjávarfélögin greiða 30,1% og félög í útgerð og vinnslu 33,4%.

Ein skýring á þessu er að við útreikning á auðlindaskattsstofni er sá virðisauki sem skapast í vinnslu hluti af skattsstofni allrar greinarinnar. Útgerðarfélög njóta ekki þeirrar virðisaukningar, enda ekki með neina landvinnslu, og eru því, að meðaltali, að taka á sig álögur sem hafa ekkert með þeirra rekstur að gera.

Þá er enn fremur mismunandi framlegð innan fyrirtækja sem tilheyra sama flokki, þannig má sjá félög, sem virðast að flestu leyfi samanburðarhæf hvað varðar stærð efnahagsreiknings, aflahlutdeild og önnur slík atriði, með mjög mismunandi framlegðarnýtingu (mælda sem EBITDA eða EBIT) pr. þorskígildiskíló.

Erfitt er að sjá að fyrirhuguð aðferðafræði um skattlagningu fiskistofna landsins geti nýst til pólitískra ráðstafana og bendir þessi niðurstaða, jafnvel ein og sér, til að eitt og sama auðlindaskattkerfið hentar ekki allri atvinnugreininni að öðru óbreyttu.


Kafli 4. Fiskmarkaðir og byggðasjónarmið

Sjávarútvegur á Íslandi hefur þróast með þeim hætti að útgerð og vinnsla eru að stórum hluta á sömu hendi. Á þessu eru samt sem áður veigamiklar undantekningar og eru útgerðir sem ekki eru með vinnslu fjölmargar og þá er nokkur fjöldi af vinnslum sem ekki eru með útgerð.

Mikilvægur vettvangur fyrir slíka aðila eru fiskmarkaðir á landinu. Umtalsverður hluti þess afla sem seldur er í gegnum fiskmarkaði landsins á uppruna sinn hjá minni útgerðum, hér skilgreindar sem útgerðir með allt að ríflega 2.000 þorskígildistonn í aflaheimildir, meðan stórir kaupendurnir eru stærri sjávarútvegsfyrirtæki landsins og vinnslur sem ekki eru með útgerð.

Fiskmarkaðir

Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun á þeim afla sem fer í gegnum fiskmarkaði á landinu. Á umliðnum árum hefur magnið verið frá 90.000 og yfir 105.000 tonn, að megninu til í þorski og ýsu.



Jaðarverð á kvóta

Fyrir félög sem eru með sterka fjárhagsstöðu, vel skilgreinda og sveigjanlega framleiðsluferla hvað afkastagetu varðar, má jaðarkostnaðurinn á aflaheimildum vera hærri en hjá minni félögum sem ekki búa yfir slíkum sveigjanleika.

Í kafla 3 kom fram að fjöldi minni félaga er hlutfallslega meira skuldsettur en stærri félög, þá eru núverandi hugmyndir um gjaldtöku með þeim hætti að fjárhagslega veikari félög geta auðveldlega lent í greiðsluferfiðleikum þegar kemur að því að greiða veiðigjaldið eins og rakið var í kafla 2. Sú hættu er því augljóslega til staðar að við fjárhagslega endurskipulagningu á félögum sem eru lítil, getur verið hagkvæmast fyrir fjármögnunaraðila að selja aflaheimildir á jaðarverði, í armslengdarviðskiptum, til fjárhagslega öflugari félaga.

Með þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvörpunum getur slík sviðsmynd raungerst. Þá gæti minni félögum fækkað og samþjöppun innan greinarinnar orðið meiri. Hér verður ekki lagt endanlegt mat á hvort slíkt myndi auka arðsemi greinarinnar að meðaltali, en eins og fjallað var um í kafla 3, þarf að liggja fyrir óháð álit um

stærðarhagkvæmni, kostnaðaruppbýggingu og framleiðni áður en grundvallarbreytingar á leikreglum greinarinnar verða gerðar.

Hætta á aukinni samþjöppun er raunveruleg og getur haft neikvæð áhrif á fiskmarkaði landsins. Fiskmarkaðir landsins eru mikilvægir fyrir gangverk atvinnugreinarinnar, bæði er hann vettvangur fyrir miðlun á hráefni sem ekki finnst í miklu magni og krefst sérhæfingar, þá er hann vettvangur og ákveðin öryggisventill fyrir vinnslur sem eru með fjölda fólks í vinnu og þurfa að geta treyst á aðgengi að hráefni ef upp koma slíkar aðstæður að eigin afli dugar ekki til að framleiðsla sé jöfn og stöðug, ennfremur er hann mikilvægur þeim sem vinna fisk í neytendaumbúðir einkum fyrir innlandan en að einhverju leyti líka erlendan markað.

Á sama tíma og frumvörpin auka möguleika á samþjöppun á að auka úthlutun í svokallaða potta og þróist stofnstærðir jákvætt fá pottarnir aukna úthlutun, hugmyndin á bak við það er m.a. að auka það magn sem fer á markað og stuðla að nýliðun samkvæmt 6 kafla, 18 gr. laganna með almennu útboði nýrra nýtingarleyfa og/eða með ráðstöfun til svæða sem hallað hefur á í atvinnu- og byggðalegu tilliti. Ekki liggja nægilegar góð rök fyrir þessum breytingum, þau eru mótsagnarkennd, annað gæti aukið samþjöppun og dregið úr almennu framboði á mörkuðum meðan hitt á að auka framboð, því gætu heildaráhrifin orðið þau að framboð á fiskmörkuðum stæði í stað eða dragist saman.


Pottar og þróun þeirra

Mikil áhersla er lögð á svokallaða potta í fyrirbyggjandi frumvörpum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hlutfall úthlutaðs afla af heildarafla í þorskígildum og sem falla undir svokallaða potta, strandveiðar, línuívilnun, byggðakvóta og tilsvarandi. Miðað við núverandi þorskígildisstuðla verður heildarmagn potta aukið um rúmlega 2% eins og komið var inn á í kafla 2. Þá getur opnast fyrir þann möguleika að vægi pottanna fari vaxandi ef stofnstærðir þróast með jákvæðum hætti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 40% af aflahlutdeild fari í potta fari aflamark yfir tiltekna tölu en 60% falli í skaut núverandi aflamarkseiganda.

Líkleg áhrif frumvarpsins, ef þau verða að lögum, mun m.a. koma illa við þau fyrirtækjum sem eru seljendur á fiski á mörkuðum. Hugsanlega mun eitthvað af þeim kvóta sem fer í potta koma inná markaðinn, það er þó mjög óvíst. Það á við um strandveiðiaflann, ekki um byggðakvótann því honum skal landað í vinnslu á tilteknum stað.

Þá er líklegt að sá kvóti sem er ætlaður til útleigu muni verða leigður af þeim fyrirtækjum sem eru að njóta alls virðisaukans (bæði vinnsla og útgerð) í sjávarútvegnum og eru í arðsamasta rekstrinum, samanber umræðan hér að framan um jaðarverð á kvóta. Það er því jafn líklegt að FMÍ muni ekki fá þennan kvóta til sölu.

Aflahlutdeild potta



Bygðasjónarmið, atvinnubótavinna

Það eru ýmiss atriði í fyrirbyggjandi frumvörpum sem benda til að nota eigi sjávarútveg til að styrkja byggðir landsins eða seinka óhjákvæmilegri byggðabróun. Í því felst einkum að vægi potta verði auknið eins og farið var yfir í kafla 3, íhlutun stjórnmálamanna verður sýnilegri og heimildir til að koma í veg fyrir flutning/sölu á aflahlutdeild á milli byggðalaga auknar.

Eins og fram kemur í kafla 3 myndu fyrirhugaðar breytingar dreifast misjafnlega á milli fyrirtækja, almennt virðast stærri og öflugri fyrirtæki geta staðið breytingarnar betur af sér en minni félög koma ver út úr breytingunum. Með aukinni pólitískri íhlutun á síðan að jafna þennan mun hvað byggðasjónarmið varðar.

Ekki skal gert lífið úr þeirri ógn sem steðjar að fjölda sjávarþorpa á landinu og að hluta til má sennilega rekja þær byggðabreytingar sem átt hafa sér stað á umliðnum áratugum til kvótakerfisins.

Gagnrýni ýmissa aðila í gegnum tíðina á efnahagsstjórn hefur m.a. tekið útgangspunkt í að fyrir daga kvótakerfisins var gengi krónunnar „handstýrt“ og réðst gengi hennar af afkomu í sjávarútvegi. Ein birtingarmynd þessa er að gengi krónunnar hefur fallið um 99,95% gagnvart danski krónu frá því 1939. Þetta hefur verið notað sem merki um slæga stjórn efnahagsmála. Í þeim samanburði verður hins vegar að taka tillit til þeirra aðstæðna sem hér voru, þar ber hæst að ein helsta úflutningsvara landsins var sjávarfang í einu eða öðru formi og fjöldi byggðalaga átti allt sitt undir velgengi sjávarútvegsins. Þá þegar var ljóst að hægt væri að hagræða í útgerð og vinnslu, stærri skip og tæknivæddari framleiðsla myndi skila sér í aukinni arðsemi greinarinnar. En þessi aukna arðsemi myndi kalla á enn frekari búferlaflutninga og röskun einstakra byggðalaga. Þeirri leið var hafnað og það er fyrst á allra síðustu áratugum sem sjávarútvegurinn, að stærstum hluta, hefur verið rekin með hrein arðsemisjónarmið að markmiði.

Sú byggðabreyting sem að einhverju leyti má rekja til kvótakerfisins er augljós á mörgum stöðum, aflaheimildir í einstökum byggðakjörnum hafa flust á milli landssvæða með tilheyrandi breytingum á innviðum þeirra samfélaga. Það er ólíklegt að þessari þróun verði snúið við, svo ekki sé minnst á hvort slíkt væri æskilegt séð með augum almannahagsmuna.

Ótvíræðar vísbendingar um raunveruleg áhrif kvótakerfisins á búferlaflutninga og þróun byggðar utan höfuðborgarsvæðisins liggja ekki fyrir. Í nefndarálitum um framfjármöguleika fiskvinnslunnar frá 1999 kemur fram:

„Þetta þýðir að fyrir hvert starf, sem hefði tapast í fiskvinnslu, mátti áætla að tæplega fjórir íbúar flyttu brott. Íbúum byggðarlagsins hefði að líkindum fækkað um helming í fyrstu umferð. Ætla má að svipaðar niðurstöður fáið fyrir aðrar sjávarbyggðir. Staerri bæir standa þetta af sér, eins og Vestmannaeyjar, og einnig bæir sem hafa fjölbreyttara atvinnulíf. Í minni bæjum er hins vegar hætt við að íbúatala fari niður fyrir svo nefnt þröskuldsgildi, sem þýðir að þar er ekki lengur grundvöllur fyrir verslun, þjónustu o.þ.h. Fleiri flytja þá brott, og til langs tíma jafngildir þetta því að byggðirnar leggist af.

Af framangreindu má sjá að allt ber að sama brunn, að minni sjávarbyggðir geta ekki byggt tilvist sína til langs tíma á fiskvinnslu eingöngu. Ekki er þar eingöngu hægt að kenna fiskveiðistjórnunarkerfinu um, heldur er þetta þáttur í grundvallarbreytingum í atvinnuháttum landsmanna. Mikilvægt er að auka fjölbreytni atvinnulífsins í sjávarbyggðunum. Með því bjóðast fólki fjölbreyttari atvinnutækifæri, atvinnulífið er ekki eins háð samdrætti í fiskveiðum og fiskvinnslu, og dregið er úr viðkvæmni atvinnulífs sjávarbyggðanna gegn gengissveiflum.“

Mat IFS er að þessi orð eigi enn ágætlega við. Þá hafa verið gerðar rannsóknir á búferlaflutningum á milli landssvæða og sumar af þessum rannsóknum telja að rekja megi fólksfækkun á einstökum svæðum til kvótakerfisins meðan aðrar telja svo ekki vera.

Byggðastefna sem reiðir sig á eina mikilvægustu undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar má jafnvel líkja við atvinnubótavinnu. Slíkt á engan rétt á sér jafnvel þó atvinnuleysi hafi aukist, tímabundið, vegna hruns innlends fjármálamarkaðar. Þá á slík atvinnubótavinna síst rétt á sér í sjávarútvegi, grein sem skapar umtalsverðar gjaldeyristekjur, en sá rekstrarkostnaður sem fylgir því að sækja sjó er að umtalsverðu leyti gjaldeyriseyðandi, s.s. fjárfesting í skipum/bátum og tilheyrandi rekstrarkostnaður þeirra.

Því skal til haga haldið að byggðastefna á eðlilega rétt á sér og sennilega vilja flestir landsmenn halda úti byggð á öllu landinu, en slík stefna verður að grundvallast á sjálfbærni og arðbærri atvinnuvegafjárfestingu.

Það skal þó áréttað að lokum að atvinnugreinin og arðsemi hennar tekur engum meginbreytingum þó tiltekinn, en vel skilgreindur, hluti af heildaraflamarki sé notaður til að styðja við atvinnusköpun einstakra byggðarlaga yfir skemmri tímabil í anda þess sem gert hefur verið. Sú stefna sem tekin er í frumvarpsdrögum er hins vegar ætlað að auka möguleika sitjandi ráðamanna á hverjum tíma til að hafa áhrif á tiltekna þætti með huglægum hætti eins og fram hefur komið. Engin atvinnugrein á að þurfa að búa við slíka óvissu.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið í köflunum á undan eru ýmiss atriði sem að okkar mati má huga betur að áður en ráðist verður í jafn viðamiklar breytingar á fyrirliggjandi kvótakerfi og frumvarpsdrögin boða. Ekki skal um það deilt að undir tilteknum kringumstæðum getur myndast auðlindarenta við notkun á takmarkaðri auðlind og sem eigendur auðlindarinnar eiga fullt tilkall til.

Það eru hins vegar ýmis álitamál sem þarf að hafa í huga þegar leggja á skatt á takmarkaða auðlind. Eitt er að hún hefur verið nýtt í aldir, annað að böndum var komið á sjósókn með samræmdu aflamarkskerfi 1990, þriðja að með frjálssu framsali hafa

Útgerðareigendur haft tækifæri til að selja aflahlutdeildir og hverfa alfarið út úr greininni og þá má ábyggilega tína til fjölda annarra álitaefna.

Öll þessi atriði, og önnur, þarf að hafa í huga með sanngirnissök að leiðarljósi þegar gera á umfangsmiklar breytingar á kerfi sem hefur náð þeim áfanga að vera arðbær atvinnugrein með tilheyrandi auknum ábata fyrir samfélagið í heild. Vöxtur og viðgangur sjávarútvegs á landinu snýst um almannahagsmuni og framtíðarmöguleika greinarinnar en ekki hvort hægt sé að gera bragarbót á ákvörðunum sem teknar voru þegar sýn manna á framtíðina voru aðrar og þær upplýsingar sem núna liggja fyrir voru óþekktar.

Í frumvörpunum er lagt til að auka beri álögur greinarinnar og samhliða eigi að draga úr möguleikum til hagræðingar s.s. að nýtingarleyfi verða takmörkuð, skattleggja á viðskipti með aflahlutdeildir, fjölgun og stækkun potta ásamt takmörkunum á viðskipti með aflahlutdeildir, þessar aðgerðir eru ekki nægilega markvissar eigi að hámarka hinn samfélagslega ábata sem hagkvæm nýting auðlindarinnar getur framkallað.

Eins og komið hefur fram í greinargerðinni eru sjávarútvegur fjölbreytt atvinnugrein þar sem ólík sjónarmið hafa tekist á um ýmsa grundvallarþætti núverandi kvótakerfis. Þessi málefni snerta alla landsmenn. Atvinnugreinin er fyrst og síðast útflutningsgrein sem skapar umtalsverðan hluta af gjaldeyriskjóm þjóðarbúsins og keppir eingöngu við erlenda aðila sem bjóða tilsvandí næringu í einu eða öðru formi. Á þessum erlendu samkeppnismörkuðum þurfa innlend sjávarútvegsfyrirtæki að keppa, þar er að finna fjölda fjárhagslega öflugra aðila. Allar leikreglur á að setja með tilliti til þess.

Viðauki 1.

Samanburður á útreikningi á fyrirhuguðum auðlindaskatti samkvæmt frumvarpi og reiknireglu í handbók Sameinuðu þjóðanna um þjóðhagsreikninga sem áður hefur verið vísað til. Sú aðferð sem er skv. frumvarpi gefur heldur hærrí rentu en aðferð Sp. Fastafjármunir kæmu svipað úr í báðum útreikningum en meginmunur felst í frádrætti á afskriftum eins og fram hefur komið. Dálkur 70% sýnir útreiknaðan skatt. Þessi skattur er hinsvegar frádráttarbær frá tekjuskatti og sýnir því 80% dálkurinn hver upphæðin er að teknu tilliti til tekjuskatts. Næstu tveir dálkar sýna hve skatturinn er hár í hlutfalli af EBITA þegar búið er að reikna hann. Fyrri dálkurinn sýnir hlutfallið fyrir tekjuskattsáhrif og sá seinni að teknu tilliti til tekjuskatts. Gulmerkta línan sýnir útreikning samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu um veiðigjald en hinar línur sýna útreikninga m.v. önnur EBITDA gildi. Þá sést að EBITDA þarf að vera a.m.k. milli 30 og 40 ma.kr til að sérstaka veiðigjaldið verði lagt á.

I. Útreikningur á rentu skv. lagafrumvarpi

EBITDA	Fastafjárm	Árareiðsla	Renta	70%	80%	Auðlai/EBITDA e	
						Auðlai/EBITDA	sk.
100.000	334.950	28.693	71.307	49.915	39.932	49,9%	39,9%
90.000	334.950	28.693	61.307	42.915	34.332	47,7%	38,1%
80.000	334.950	28.693	51.307	35.915	28.732	44,9%	35,9%
70.000	334.950	28.693	41.307	28.915	23.132	41,3%	33,0%
63.638	334.950	28.693	34.945	24.462	19.569	38,4%	30,8%
50.000	334.950	28.693	21.307	14.915	11.932	29,8%	23,9%
40.000	334.950	28.693	11.307	7.915	6.332	19,8%	15,8%
30.000	334.950	28.693	1.307	915	732	3,0%	2,4%
20.000	334.950	28.693	-8.693	0	0	0,0%	0,0%
10.000	334.950	28.693	-18.693	0	0	0,0%	0,0%

II. Útreikningur á rentu skv. Sp

EBITDA	Afskriftir	Fastafjárm	Bíraðir	Árareiðsla	Renta	70%	80%	Auðlai/-	
								/EBITDA	EBITDA e sk.
100.000	12.000	334.950	23.600	26.671	61.329	42.930	34.344	42,9%	34,3%
90.000	12.000	334.950	23.600	26.671	51.329	35.930	28.744	39,9%	31,9%
80.000	12.000	334.950	23.600	26.671	41.329	28.930	23.144	36,2%	28,9%
70.000	12.000	334.950	23.600	26.671	31.329	21.930	17.544	31,3%	25,1%
63.638	12.000	334.950	23.600	26.671	24.967	17.477	13.981	27,5%	22,0%
50.000	12.000	334.950	23.600	26.671	11.329	7.930	6.344	15,9%	12,7%
40.000	12.000	334.950	23.600	26.671	22.945	16.062	12.849	40,2%	32,1%
30.000	12.000	334.950	23.600	26.671	9.307	6.515	5.212	21,7%	17,4%
20.000	12.000	334.950	23.600	26.671	7.915	5.540	4.432	27,7%	22,2%
10.000	12.000	334.950	23.600	26.671	915	640	512	6,4%	5,1%

Heimildir.

Alþingi
 Hagstofa Íslands
 Seðlabanki Íslands
 LÍU
 Fiskistofa
 Reiknistofa fiskmarkaða
 IFS
 Ársreikningar viðskiptabankanna
 Ýmsar innlendar og erlendar gagnaveitur

Fyrirvarar útgáfu

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem IFS ráðgjöf hefur undir höndum þegar skýrslan er rituð. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur IFS ráðgjöf, eða starfsmenn IFS ráðgjafar ekki tekið ábyrgð á villum. IFS ráðgjöf og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

IFS ráðgjöf, starfsmenn IFS ráðgjafar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir IFS ráðgjöf kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatskýrslur og annað útgáfuefni IFS ráðgjafar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu.

© Copyright 2011 by IFS.
All rights reserved.

IFS Ráðgjöf á höfundarrétt að öllum þeim upplýsingum sem fram koma í þessari skýrslu, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Það er með öllu óheimilt að birta upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu, dreifa þeim, afrita þær eða nota þær með öðrum hætti án skriflegs samþykkis IFS Ráðgjafar.

